

# D Ó M U R

## Héraðsdóms Reykjavíkur 12. júní 2018 í máli nr. S-7/2018:

### Ákærvaldið

*(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir aðstoðarsaksóknari)*

### gegn

### Ingvari Erni Arnarsyni

*(Jón Bjarni Kristjánsson lögmaður)*

Mál þetta, sem dómtekið var 6. júní síðastliðinn, var höfðað með tveimur ákærum. Fyrri ákæran var gefin út af héraðssaksóknara 2. janúar 2018 síðastliðinn, á hendur Ingvari Erni Arnarsyni, kennitala 000000-0000, [...], Reykjavík, „fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni:

1. Brot gegn valdstjórninni, með því að hafa fimmtudaginn 12. janúar 2017 við aðalinngang Hótel Héraðs, Miðvangi 5, Egilsstöðum, þegar lögreglumenn voru að færa hann út af hótelinu í handjárnnum, skallað lögreglumanninn A í andlitið með þeim afleiðingum að A hlaut vægan roða og væga bólgu á nefhrygg.
2. Brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, með því að hafa fimmtudaginn 12. janúar 2017 haft í vörslum sínum 7,88 g af amfetamíni og 3 töflur af MDMA (Ecstasy) sem lögregla fann við leit í bakpoka ákærða á lögreglustöðinni á Egilsstöðum eftir afskipti af honum sbr. 1. tl. ákæru.
3. Brot gegn lögum um ávana og fíkniefni, með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 2. september 2017 haft í vörslum sínum 15,77 g af hassi og 47,54 g af marihuana sem lögregla fann við leit í bakpoka ákærða á lögreglustöðinni við Hverfisgötu 113-115 í Reykjavík eftir að lögregla hafði afskipti af ákærða í bílastæðahúsi við Vesturgötu í Reykjavík.

Telst háttsemi skv. 1. tl. ákæru varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og háttsemi skv. 2. og 3. tl. ákæru við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 ásamt síðari breytingum og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er krafist upptöku á 7,88 g af amfetamíni, 3 töflum af MDMA (Ecstasy) og vigt, sem lagt var hald á sbr. 2. tl. ákæru og 15,77 g af hassi og 47,54 g af marihuana sem lagt var hald á sbr. 3. tl. ákæru, skv. 6. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Jafnframt er krafist upptöku á 10 töflum af lyfjum merktum Xanax sem ákærði framvísaði til lögreglu, þegar afskipti voru höfð af honum sbr. 3. tl. ákæru, skv. 3. mgr. 49. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 ásamt síðari breytingum.“

Síðari ákærðan var gefin út af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 15. maí síðastliðinn. Þar er ákærði ákærður „fyrir eftirtalin umferðarlagabrot með því að hafa:

## I

Aðfaranótt þriðjudagsins 19. desember 2017 í Reykjavík ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og ófær um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana og fíkniefna (í blóði mældist tetrahydrókannabínól 9,2 ng/ml) af bifreiðastæði N1 við Vesturlandsveg og áfram austur Vesturlandsveg og síðan suður Höfðabakka þar sem ákærði stöðvaði aksturinn gegn rauðu ljósi á gatnamótum Höfðabakka og Bæjarháls og lögregla hafði tal af honum, en ákærði taldi sig ekki þurfa að gera grein fyrir sér með skilríkjum af neinu tagi, og er grænt ljós kviknaði ekið áfram, þrátt fyrir stöðvunarmerki lögreglu með bláum blikkandi ljósum, austur Bæjarháls og síðan Hraunbæ uns aksturinn var stöðvaður við Hraunbæ 32 þar sem lögregla hafði aftur afskipti af ákærða og handtók hann.

## II

Aðfaranótt laugardagsins 13. janúar 2018 í Mosfellsbæ ekið sömu bifreið sviptur ökurétti, ófær um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana og fíkniefna og undir áhrifum áfengis (í blóði mældist vínandamagn 0.60 ‰ og tetrahydrókannabínól 9,2 ng/ml) norður Vesturlandsveg á móts við Háholt uns aksturinn var stöðvaður skömmu síðar.

## III

Að morgni miðvikudagsins 28. febrúar 2018 í Reykjavík ekið sömu bifreið sviptur ökurétti og ófær um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana og fíkniefna (í blóði mældist tetrahydrókannabínól 1,3 ng/ml) um Vesturlandsveg uns aksturinn var stöðvaður við gatnamót Vesturlandsvegar og Reynisvatnsvegar.

Teljast brot í öllu liðum varða við 1. sbr. 2. mgr. 45. gr. a og 1. mgr. 48. gr., og brot í lið II auk þess við 1. sbr. 2. mgr. 45. gr., en brot í I lið auk þess við 3. mgr. 5. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðalaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 101. og 102. gr. laga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993, sbr. 18. gr. laga nr. 66/2006.“

Ákærði hefur fyrir dómi skýlaust játað að hafa framið brot þau sem honum eru gefin að sök í ákærunum og er játning hans studd sakargögnum. Það eru því efni til að leggja dóm á málið samkvæmt 1. mgr. 164. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Samkvæmt þessu verður ákærði sakfelldur fyrir brotin sem eru réttilega færð til refsíákvæða í ákærunum.

Ákærði var dæmdur í 6 mánaða fangelsi 22. febrúar 2017 fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna, of hraðan akstur og að aka sviptur ökurétti. Hann var einnig sviptur ökurétti ævilangt. Með þeim dómi var dæmdur skilorðshluti dóms frá 30. mars 2016 en þá var hann dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna og sviptur ökurétti. Hann var einnig sviptur ökurétti ævilangt. Árin á undan hafði ákærði verið alloft sakfelldur og dæmdur til sektagreiðslna eða skilorðsbundins fangelsis fyrir brot gegn umferðarlögum, fíkniefna- og hegningarlögum.

Refsing ákærða verður ákveðin samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður honum gerður hegningarauki, sbr. 78. gr. sömu laga. Það verður virt ákærða til málsbóta að hafa játað sök. Samkvæmt þessu verður refsing hans ákveðin 10 mánaða fangelsi. Ævilöng ökuleyfissvipting verður áréttuð. Þá verða gerð upptæk fíkniefni, lyf og vigt eins og krafist er og í dómsorði greinir.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað eins og í dómsorði greinir svo og málsvarnarþóknun verjanda síns sem ákveðin er með virðisaukaskatti í dómsorði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kveður upp dóminn.

### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, Ingvar Örn Arnarson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Upptæk skulu vera 7,88 g af amfetamíni, 3 töflur af MDMA (Ecstasy), vigt, 15,77 g af hassi, 47,54 g af maríjúana og 10 töflur af lyfjum merktum Xanax.

Ákærði greiði 336.709 krónur í sakarkostnað og málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, 421.600 krónur.

Arngrímur Ísberg